

Alþingi  
Erindi nr. P 127/1360  
komudagur 20.3.2002

DAGSETNING

TILVÍSUN

Nefndarsvið Alþingi,  
efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 19. mars 2002

2002030253

**Efni: Umsögn um frumvörp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og einkahlutafélög varðandi skráningu hlutafjár í erlendum gjaldmiðli.**

Með bréfi Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 13. mars. sl., var óskað eftir umsögn embættisins um tvö frumvörp til breytinga á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög, 546. og 547. mál.

Af þessu tilefni mun embætti ríkisskattstjóra í samvinnu við ársreikningaskrá setja fram eftirtaldar ábendingar.

Um er að ræða

1. að hlutafélög sem eru skráð á skipulögðum verðbréfamarkaði megi ákveða skráningu á hlutafé félagsins í erlendum gjaldmiðli án tillits til hvort leitað hafi verið heimildar ársreikningaskráar til að færa bókhald og semja ársreikning í þeim gjaldmiðli,
2. að hlutafélög sem ekki eru skráð á skipulögðum verðbréfamarkaði sem hafa fengið heimild ársreikningaskráar til færslu bókhalds og samningar ársreikninga í erlendum gjaldmiðli megi skrá hlutafé sitt í erlendum gjaldmiðli og
3. að einkahlutafélög sem hafa fengið heimild ársreikningaskráar til færslu bókhalds og samningar ársreikninga í erlendum gjaldmiðli megi skrá hlutafé sitt í erlendum gjaldmiðli.

Við umreikning úr íslenskum krónum í annan gjaldmiðil eða annan umreikning ber samkvæmt frumvarpinu að miða við kaupgengi samkvæmt opinberu viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands á fyrsta degi þess mánaðar þegar ákvörðunin um breytingu á gjaldmiðli er tekin á hluthafafundi, eða næsta skráningardegi þar á undan sé gengið ekki skráð á þeim degi.

Í athugasemdum með frumvörpunum kemur fram að hlutafélög verði að breyta samþykktum sínum á hluthafafundi ef breyta á tilgreiningu hlutafjár úr krónum í erlendan gjaldmiðil þannig að þegar ákvörðun er tekin verður að liggja fyrir hvert verði nafnverð hlutafjár eða hlutar í erlenda gjaldmiðlinum sem gefið er út að nýju. Þessa ákvörðun geta félögin tekið hvenær sem er á árinu en þurfa ekki miða við upphaf reikningsárs eins og gert er ráð fyrir þegar hafin er færsla bókhalds í erlendum gjaldmiðli. Hér getur því orðið um misræmi að ræða hvernig hlutafé verði umreiknað í erlendan gjaldmiðil í ársreikningum annars vegar og opinberri skráningu þess hjá hlutafélagaskrá sem ekki gengur upp.

Í fyrirbyggjandi tillögum að breytingu á frumvarpi að breytingu á lögum um ársreikninga (þskj. 908-347. mál) er lagt til að félög sem fá heimild til að semja ársreikning í erlendum

gjaldmiðli (starfrækslugjaldmiðli) skuli umreikna fjárhæðir í efnahagsreikningi fyrra árs á undan breytingu á lokagengi þess árs þ.m.t. hlutafé þess, eða umreikna innborgað hlutafé á því gengi sem gildi þegar innborganirnar fóru fram. Ef síðarnefnda umreikningsaðferðin er notuð þarf jafnframt gæta þess að hlutfall varasjóðs gagnvart hlutafé í erlendum gjaldmiðli haldist óbreytt þ.e. hann verður ekki umreiknaður samkvæmt tilgreindu gengi.

Gert er ráð fyrir því að félag sem ekki er skráð á skipulegum verðbréfamarkaði byrji á því að fá heimild ársreikningaskráar til að semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli og umreikni hlutafé í samræmi í ákvæði 90. gr. laganna eins og henni verður breytt samkvæmt nefndum tillögum í þskj. 908. Síðar getur verið tekin ákvörðun um að gefa út hlutabréfin í starfrækslugjaldmiðlinum. Verður að telja það gangi ekki upp að umreikningur og skráning hlutafjár þess fari eftir öðrum reglum en þegar félagið breytti um starfrækslugjaldmiðil í bókum sínum. Verður því að telja eðlilegra, ákvarði félagið að gefa út hlutabréf sín í starfrækslugjaldmiðlinum, að nafnverð þess verði hið sama í erlenda gjaldmiðlinum og fram kemur í síðasta ársreikningi á undan ákvörðun hluthafafundar en að viðbættum innborgunum hlutafjár á viðkomandi ári fram að því sem ákvörðunin er tekin. Í því tilfalli að skráð félag á verðbréfamarkaði ákveði að gefa út hlutabréf sín í erlendum gjaldmiðli án þess að því fylgi að færsla bókhalds og ársreikningur verði saminn í erlendum gjaldmiðli en fái heimildina um það síðar má álykta að fjárhæð hlutafjár í erlendum gjaldmiðli verði við breytingu á starfrækslugjaldmiðli í bókum félagsins og ársreikningi í samræmi við nafnverð útgefina hlutabréfa.


Að þessu athuguðu er lagt til að 3. másl. 2. mgr. b. liðar 1. gr. á þskj. 854 verði breytt í tvo másl. sem hljóði á þessa leið:

*„Við umreikning í annan gjaldmiðil skal miða við kaupgengi samkvæmt opinberu viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands í lok reikningsárs á undan því ári sem ákvörðunin er tekin eða á því gengi sem gildi þegar innborganir hlutafjár fóru fram ef um er að ræða skráð félag á skipulegum verðbréfamarkaði sem ekki hefur við útgáfu hlutabréfanna aflað heimildar til að semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli. Hafi félag fengið heimild til að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli skal nafnverð hlutafjár við útgáfu hlutabréfa vera í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga varðandi umreikninginn.“*

Þá er lagt til að 3. másl. 2. mgr. b. liðar 1. gr. á þskj. 855 hljóði á þessa leið:

*„Við umreikning í annan gjaldmiðil skal nafnverð hlutafjár vera í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga varðandi umreikninginn.“*

Virðingarfyllt  
f. h. ríkisskattstjóra

  
Guðmundur Guðbjarnason